

Sb.

345. Tillaga til þingsályktunar

[175. mál]

um skipulag sérfræðipjónustu á heilsugæslustöðvum.

Flm.: Helgi F. Seljan, Stefán Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipuleggja þjónustu sérfræðinga í sem flestum greinum læknisfræðinnar á heilsugæslustöðvum landsbyggðarinnar og auka og bæta þannig þá þjónustu, sem heilsugæslustöðvarnar eiga að veita skv. 21. gr. laga um heilbrigðisþjónustu.

Áætlun um þessa sérfræðipjónustu verði gerð af heilbrigðisráðuneytinu og liggir fyrir eigi síðar en 1. nóv. þessa árs og jafnframt verði gerðar nauðsynlegar ráðstafanir til að hrinda áætluninni í framkvæmd þegar á næsta ári.

Greinargerð.

Óþarft er að hafa mörg orð uppi til rökstuðnings þessari tillögugerð.

Lögin um heilbrigðisþjónustu frá 1973 stefndu ekki hvað síst að því að tryggja íbúum landsbyggðarinnar í hvívetna bættu þjónustu sem allra fyrst. Alveg sérstaklega átti þetta og á við sérfræðipjónustu og nauðsynlegustu rannsóknir á sjúklingum. Í dag verða menn að sækja þessa þjónustu til höfuðborgarinnar að langmestu leyti með þeim mikla tilkostnaði og óþægindum, sem slíkt hefur í för með sér.

Flutningsmenn þessarar tillögu hafa áður í frumvarpsformi reifað það hér á þingi, að sjúkratryggingarnar greiddu hluta af ferðakostnaði þessa fólks. Það frumvarp fékk þá afgreiðslu, að því var vísað til ríkisstjórnarinnar, m. a. í því skjóli, að verið væri að koma þessari þjónustu inn á heilsugæslustöðvarnar. Þessa sjást hins vegar lítil merki og er greinilegt að til þarf skipulegt átak til þess að úr verði bætt af myndarskap, svo sem yfirlýstur tilgangur laganna um heilbrigðisþjónustu var og er. Hins vegar gera flm. sér það vel ljóst, að ekki er unnt að veita þessa þjónustu nú þegar í því formi, að hún sé stöðug, heldur yrði fyrst að því keppt, að sérfræðingar heimsæktu heilsugæslustöðvarnar með vissu millibili, og mætti þar hafa í huga þá mikilvægu þjónustu sem augnlækningaferðir á vegum heilbrigðisyfirvalda hafa veitt um langt árabíl. Efalaust eru margir annmarkar á þessari framkvæmd, bæði hvað snertir vilja sérfræðinga í þessum efnum og rannsóknaraðstöðu á heilsugæslustöðvunum. En hér er um hvort tveggja að ræða: öryggismál fyrir íbúana, einkum hvað snertir fyrirbyggjandi aðgerðir, og gífurlegt fjárhagslegt hagræði, og ef við viljum framfylgja lögunum og anda þeirra her einskis að láta ófreistað til að hrinda þeim í framkvæmd sem fyrst og best.

Jöfn aðstaða allra landsmanna til heilsugæslu byggist ekki hvað síst á þessum þætti, og ef okkur er alvara í þeim efnum, þá hljótum við að stuðla hér að sem skjótast. Því er tillaga þessi flutt.